

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar

Dagsetning fundar: 4. september 2015.

Tímasetning fundar: kl. 13:00 - 13:30

Fundarstaður: Símafundur

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	símasamband
Dagbjört Ottósdóttir	varaformaður	símasamband
Kolbrún Halldórsdóttir	ritari	símasamband
Guðlaug Ásgeirsdóttir	gjaldkeri	fjarverandi
Anna Lilja Ottósdóttir	meðstjórnandi	símasamband
Aðalheiður Gunnarsdóttir	vefstjóri	símasamband

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Kvennakóratónleikar í Hörpu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Rætt var um stöðu verkefnisins. Dræm mæting hefur verið á fundi undirbúningshóps. Fólk virðist almennt á þeirri skoðun að tími til stefnu sé of knappur. Óánægju hefur einnig gætt meðal kóra utan af landi með tímasetninguna sem gerir það erfitt fyrir þá að taka þátt og hafa borist fregnir af því að einhverjum þeirra þyki framhjá sér gengið. Í ljósi þessa ákvað stjórnin að fresta tónleikunum um óákveðinn tíma en óskar eftir að undirbúningshópur starfi áfram og stefnt verði á tónleika til heiðurs konum í Eldborg í Hörpu síðar. Ákveðið að senda póst þess efnis á aðildarkóra Gígjunnar, undirbúningshópin og aðra sem málið varðar.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 13:30.

Ritari fundargerðar: Anna Lilja Ottósdóttir.